

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**  
 Tryggð við byggð  
 www.arnijon.is

Bæjarblaðið

# JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

228. tbl - 5. árg.

10. nóvember 2005



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR

-bakhjarl í byggð-

## Sendu 9 lið á Íslandsmót í krakkablaki



Helgina 12.-13. nóvember s.l. var Íslandsmót yngri flokka í blaki haldið í Mosfellsbænum, þetta var fyrri hluti Íslandsmótsins. Víkingur/Reynir er með öflugt starf í krakkablakinu og sendi 9 lið eða 38 keppendur á aldrinum 8-14 ára á mótið. Viðar Gylfason og Hilmar Sigurjónsson fóru með hópnum sem þjálfarar, en mikill fjöldi foreldra fylgdi hópnum og studdi vel við bakið á sínu fólki, sem er mikilvægur þáttur í íþróttastarfinu.

Krakkarnir stóðu sig frá-

bærlega í alla staði en úrslitin má sjá á [www.krakkablak.bli.is](http://www.krakkablak.bli.is). Síðari hluti Íslandsmóts yngri flokka í blaki verður haldið á Akureyri helgina 22.-23. apríl n.k. og þangað mun hópurinn að sjálfsgöðu stefna.

Aðstandendur krakkablaksins í Snæfellsbæ vill nota tækifærið og þakka Landsbankanum fyrir töskurnar sem allir iðkendur yngri flokka hjá Víking/Reyni fengu afhentar í s.l. viku. Það kemur sér alltaf vel að eiga góða íþróttatösku.

## Leikmannamál Víkings

Þó að Íslandsmótinu í knattspyrnu sé lokið þá er ýmislegt um að vera hjá meistaraflakki Víkings, um þessar mundir eru leikmannamál félagsins að fá á sig mynd. Þeir Elinbergur Sveinsson, Einar Hjörleifsson, Ragnar Mar Sigrúnarson, Ragnar Smári Guðmundsson og Tryggvi Hafsteinsson hafa skrifað undir nýja tveggja ára samninga við Víking sem gilda til ársloka 2007.

Slavisa Mitic og Vilhjálmur Ragnar Vilhjálmsson hafa skrifað undir samning við Víking sem gildir út árið 2006. Villi spilaði 4 leiki í 1. deild með Víking í sumari og 1 í bikar en fór svo til

Svíþjóðar að spila með Vasteras. Við bjóðum Villa velkominn aftur í Víking.

Hermann Geir Þórsson hefur hinsvegar tekið þá ákvörðun að spila með HK næstu tvö sumur. Stjórn Víkings vill þakka Hemma hans framlag til Víkings undanfarin ár en hann hefur spilað 77 leiki með Víking og skorað í þeim 30 mörk. Hemmi var markahæstur hjá Víking árin 2004 og 2005 og var einnig valinn besti leikmaðurinn 2004. Stjórnin óskar Hemma og fjölskyldu alls hins besta í framtíðinni og hlakkar til að mæta honum á vellinum næsta sumari.

## Upplestur

úr nýjustu bókum þekkttra rithöfunda

Klifi Ólafsvík  
kl. 20:00

Miðvikudag 23. nóv.



10. bekkur grunnskólans  
sér um kynningu á höfundum og selur nýbakaðar vöflur með rjóma og heilt síkkulaði.  
Veltugar kosta aðeins 1.000 kr. frítt fyrir 13 ára og yngri.

Enginn aðgangseyrir

### HÖFUNDAR SEM LESA ÚR BÓKUM SÍNUM



Súsanna Svavarsdóttir



Þorsteinn frá Hamri



Árni Þórarinnsson



Geðni Bergs

Enginn aðgangseyrir

Fræðsluáætlun Ólafsvíkur og  
Lita- og menningarshöfudinn

# Pólskur dagur á Krílakoti



Síðastliðinn föstudag var haldinn pólskur dagur á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík. Hann var haldinn í tengslum við fjölmenningsarlegt þema sem hefur verið á leikskólanum og var dagurinn tengdur við pólsku hátíðina sem var haldin

á laugardaginn í Ólafsvík. Pólski dagurinn tókst mjög vel.


Á föstudögum eru alltaf upptökur á Krílakoti og annan hvern föstudag skiptast deildirnar á að vera með sameiginlega samveru.



**Fiskiðjan Bylgja hf**

Sími: 436 1291 · Nef. bylgja@bylgja.is

## Örnefnamynd Lionsklúbbs Ólafsvíkur



er til sölu hjá Kristjáni Helgasyni  
í síma 436 1198  
og í Versluninni Hrund, Ólafsvík.

Myndin fæst í tveimur stærðum:  
120x30cm - verð kr. 15.000  
150x40cm - verð kr. 22.000

*Tilvalið til afmælis-, tækifæris- og jólagjafa.*



## SNÆFELLSBÆR

Nýtt símanúmer 433 6900 - Nýtt faxnúmer 433 6901



## Upplstur úr bókum í Klifi

Miðvikudaginn 23. nóvember kl. 20:00 standa Framfarafélag Snæfellsbæjar, Ólafsvíkardeild og Lista- og menningarnefnd Snæfellsbæjar fyrir upplestri í Félagsheimilinu á Klifi. Rit-

höfundar munu lesa upp úr bókum sínum og í hléi selur 10. bekkur grunnskólans nýbakaðar vöflur með rjóma og heitt súkkulaði.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbær

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

## SMÁAR

**3 gárar og 2 dísur**

fædd í september og október, handmötuð.  
Ef þú hefur áhuga á að kaupa okkur hafðu þá samband í  
síma 893 3797

**GUTTI**  
Bílaverkstæði



**VETRARDEKK - VETRARDEKK**  
Jeppa og fólkubíladekk.  
Vetrar- og burðardekk undir sendibíla

Visa og Euro - raðgreiðslur

Við Hvalsá, Ólafsvík. Tímabantanir í síma 436 1484, 690 6322 & 860 0734

# Stórmót í skák

Klifi Ólafsvík laugard. 19. nóv. kl.13

- 8 umferðir alls
- Friar sætaferð frá BSI kl. 10
- Monradkerfi
- Kaffi og kökur milli skáka
- Fyrri hlutinn er 7 mín. skákir
- Öllum boðið í mat eftir mót
- Seinni hlutinn er 20 mín. skákir
- 2.000 kr. þátttökugjald

## Styrktaraðilar:

Deloitte

ORRUVIN

FRUMVIRÐI ÍSLANDS

MARKSISUL ÓLAFSVÍK

Flaklón Bygja hf

SKÁK ÓLAFSVÍK

SNÆFELLSBÆJ

Landsbanki Íslands

MARKSISUL ÓLAFSVÍK

olis

Flestir stórmeistarar  
landsins mæta,  
hvar verður þú?

200.000 kr. verðlaun

Taffélag Snæfellsbæjar

Skráningu lýkur 15. nóv. í síma 840 3703, 430 3702 eða tryggj@tff.is

## Skák og mát!

Dagskrá á sal Grunnskóla Snæfellsbæjar  
í Ólafsvík á föstudag

Gestir og gangandi eru velkomnir á dagskrá á sal skólans í Ólafsvík, n.k. föstudag, 18. nóv! Merkir gestir heimsækja þar nemendur 5.-10.b og kynna þeim skákíþróttina en hún er ein valgreina á þessu skólaári. Félagar Taffélags Snæfellsbæjar skiptast á að kenna skák á hverjum föstudegi.

Félagið stendur einnig að dagskránni í skólanum sem hefst kl. 11.15 á sal skólans í Ólafsvík. Þar mun Guðfríður Lilja, formaður Skáksambands Íslands og Norðurlanda ræða við nemendur, Lenka Ptácnikova, Norðurlandameistari kvenna og annar hvor þeirra, Helgi Áss Grétarsson eða Helgi Ólafsson, stórmeistarar, munu

bjóða nemendum og gestum í fjöltefli.

Skólafólk í GS þakkar félagsmönnum TS fyrir komu þessara gesta svo og frábæran stuðning við skólafélagið með kennslu skákíþróttarinnar í skólanum en eins og margir vita þá stendur félagið fyrir afar sterku skákmóti, hinu árlega minningarmóti um Ottó Árnason, í félagsheimilinu á Klifi nú um helgina. Við bjóðum alla velkomna á skákdagskrána í skólanum á föstudaginn og því ekki að taka eina skák við meistarana í hópi gestanna!

Nemendur og starfsfólk GS og Taffélag Snæfellsbæjar

## Föndurefni

fyrir jólakortin er komið.

Opið laugardaga frá 14:00-16:00

Verið velkomin

Verzlunin Hrund  
Ólafsbraut 55  
Sími: 436 1165



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra  
verður sextugur 23. nóvember n.k.

Af því tilefni bjóða þau Sturla  
og Hallgerður kona hans og börn til móttöku  
laugardaginn 19. nóvember  
í Hótel Stykkishólmi kl.17.00 - 19.00.



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem Jökullinn ber við loft...

## AÐSETURSSKIPTI



Með tilvísan til laga nr. 73/1952 um aðsetursskipti er hér með vakin athygli á þeirri skyldu að tilkynning um flutning á árinu 2005 þarf að berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar.

Athygli er vakin á því að um leið og einstaklingar flytja sitt lögheimili þarf einnig að tilkynna um flutning á fyrirtækjum sem geta átt lögheimili á sama stað.

Flutningstilkynningar fást á skrifstofu Snæfellsbæjar á Hellissandi.

Bæjarritarinn í Snæfellsbæ



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem Jökullinn ber við loft...

## STARFSMAÐUR PAKKHÚSSINS

Snæfellsbær óskar eftir starfsmanni til að sjá um undirbúning og opnuntíma Pakkhússins á aðventunni.

**Um er að ræða starf um helgar á aðventunni og við kvöldopnun í vikunni fyrir jól.**

Allar nánari upplýsingar gefur Ragnheiður Víglundsdóttir í síma: 436 1117 og 867 9407  
Auður Bøðvarsdóttir í síma: 436 1215  
Jóhanna Jónasdóttir í síma: 436 1018

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem fást á bæjarskrifstofunni eða á heimasíðu Snæfellsbæjar [snb.is](http://snb.is).

Bæjarstjórinn í Snæfellsbæ

Ólafsvíkirkirkja  
SUNNUDAGINN  
20. nóvember

## GUÐSÞJÓNUSTA KL. 14:00

SUNNUDAGASKÓLI  
kl. 11:00

Söngur, sögur, gleði og gaman...

Öll börn eru hvött  
til að mæta!



## INGJALDSHÓLSKIRKJA LEIÐRÉTTING

Í SÍÐASTA TÖLUBLAÐI JÖKULS VAR AUGLÝST  
HÁTÍÐARGUÐSÞJÓNUSTA OG ORGELVÍGSLA  
ÞANN 14. DESEMBER  
Í INGJALDSHÓLSKIRKJU.

SEND VAR INN GÖMUL AUGLÝSING OG BIÐST  
SÓKNARPRESTUR VELVIRÐINGAR  
Á MISTÖKUNUM.

MEÐ BESTU KVEDJU  
OG GUÐSBLESSUN,

SÓKNARPRESTUR

